LANDSSAMBAND
smábátaeigenda

Sigurður Ingi Jóhannsson
sjávarútvegs-, landbúnaðar
og umhverfisráðherra

2. júlí 2013

Efni: Heildarafli fiskveiðiárið 2013 / 2014

Landssamband smábátaeigenda hefur yfirfarið skýrslu Hafrannsóknastofnunar um aflahorfur fiskveiðiárið 2013 / 2014. Að venju eru þar birtar tillögur stofnunarinnar um hámarksafla á komandi fiskveiðiári.


Í bréfi þessu eru viðbrögð LS við tillögum Hafró ásamt því sem félagið ráðleggur þér að hafa til hliðsjónar þegar þú tekur ákvörðun um heildarafla fiskveiðiársins sem hefst 1. september nk. Auk þess að byggja tillögurnar á upplýsingum frá félagsmönnum eru gögn Hafrannsóknastofnunarinnar höfð til hliðsjónar. Í bréfinu eru nánari skýringar við áðursendar glærur. Tegundirnar sem fjallað verður um eru eftirfarandi:


1. Þorskur
2. Ýsa
3. Ufsi
4. Steinbítur
5. Langa
6. Keila
7. Skötuselur
8. Grásleppa

	Tillögur LS	Tillaga HAFRÓ 2013/2014	FRÁVIK LS og Hafró
Þorskur	*240 þús tonn*	215.000	17%
Ýsa	*50 þús tonn*	38.000	56%
Ufsi	*60 þús tonn*	57.000	2%
Steinbítur	*8,5 þús tonn*	7.500	8%
Langa	*11 þús tonn*	11.000	0%
Keila	*6,3 þús tonn*	6.300	4%


Góðæri í hafinu

Það hefur ekki farið fram hjá smábátaeigendum að undanfarin ár hefur mikið góðæri ríkt í sjónum. Hlýnað hefur jafnt og þétt og þar með skilyrði til viðgangs og vaxtar batnað. Á meðfylgjandi myndum sem unnar eru upp úr gögnum frá Hafró sést glöggt hversu sjór hefur hlýnað sl aldarfjórðung og seltumagn verið yfir meðaltali í langan tíma.





mynd. Hiti á 50 metra dýpi í maí 2013.



Mynd 1.1. Hiti og selta að vori á 50 m dýpi á stöð 3, 20 sjómílur norður af Siglunesi árin 1952–2013. Láréttu línurnar tákna meðaltöl fyrir tímabilið.


Fig. 1.1. Temperature and salinity in spring at 50 m depth at station 3 on the Siglunes section 1952–2013. The horizontal lines indicate the means for the same period.

Auk þess sem myndirnar sýna breytingarnar staðfestir eftirfarandi samantekt úr skýrslu Hafró skoðanir smábátaeigenda:

> *Í vorleiðangri 2013 voru hiti og selta um og yfir meðallagi umhverfis landið. Almennt var styrkur næringarefna í yfirborðslögum enn hár og lítið hafði gengið á vetrarforða þeirra sem bendir til að vorblómi svifþörunga sé ekki búinn. Átumagn var nálægt langtímameðaltali.*

Þorskur - leyfilegur heildarafli verði 240 þús. tonn.


Engum þeirra fjölmörgu sjómanna sem yrkja Íslandsmið blandast hugur um að þorskur er í meira mæli nú en á síðasta áratug 20. aldar. Sjómenn merkja slíkt best á aflabrögðum sem sýnir sig ágætlega á meðfylgjandi mynd, sem tekin er úr skýrslu Hafrannsóknastofnunarinnar, um þorskafla á sóknareiningu. Afli á línu hefur að jafnaði verið 50% meiri en hann var á fyrstu árum viðmiðunartímabilsins og langtum meiri í botnvörpu.




Mynd 2.1.3. ÞORSKUR. Þorskafli á sóknareiningu eftir veiðarfærum árin 1991–2012 (miðað við 100 árið 1991).

Undanfarin ár hefur Landssamband smábátaeigenda hvatt til meiri þorskveiði en tillögur Hafró hafa boðað. Því miður hefur félagið ekki fengið þau viðbrögð sem það hefur talið sig eiga skilið. Einkum hefur því verið borið við að stjórnvöld væru bundin af aflareglu og eðlilegt væri að notast við bestu fáanlegu þekkingu við ákvörðun, en þar hefur verið átt við upplýsingar frá sérfræðingum Hafrannsókna-stofnunar. LS er þeirrar skoðunar að þekking sjómanna eigi að vega inn í ákvörðun ráðherra og ítrekar hana hér með. LS hefur í því skyni ekki legið á liði sína að koma á framfæri sjónarmiðum félagsmanna eins vel rökstuddum og verða má. Hér skulu nefnd nokkur dæmi sem félagið óskar eftir að þér hafið til hliðsjónar við ákvörðun þína um heildarafla.

a. Hrygningarstofn mælist nú 479 þús. tonn. Hann hefur ekki verið stærri frá 1963. Það ár var þorskafli 409 þús. tonn og veiðihlutfall 31%.



b. Frá og með árinu 2008 hefur veiðistofn verið í örum vexti. Hann mælist nú 1.070 þús. tonn, en viðlíka stærð hefur ekki sést í 31 ár – 1981. Árið 1981 voru veidd 465 þús. tonn af þorski. Ath. tölurnar fyrir árin 2013 og 2014 byggjast á spám Hafrannsóknastofnunarinnar.



c. Samkvæmt töflu 2.1.2 í ástandsskýrslu 2012 spáir stofnunin því að þó leyfð verði 250 þús. tonna þorskveiði 2013 muni hrygningarstofn stækka.

TAFLA 2.1.2

ÞORSKUR. Áhrif mismunandi aflahámarks á áætlaða stærð stofnsins (þús. tonna) árið 2014.

COD. Projection of stock and spawning stock biomass (thous. tonnes) in 2014 for different management strategies.

2012				2013				2014	
Áætlaður afli *Pred. landings*	Stofn 4+ *Stock 4+*	Hrygn. stofn *Spawn.stock*	$F^{1)}$	Afla-mark *TAC*	Stofn 4+ *Stock 4+*	Hrygn. stofn *Spawn.stock*	$F^{1)}$	Stofn 4+ *Stock 4+*	Hrygn. stofn *Spawn.stock*
177	1070	419	0.26	150	1192	474	0.20	1263	574
				196[2)]	1192	461	0.26	1211	523
				250	1192	444	0.35	1149	467

1) Meðalveiðidánartala 5–10 ára þorsks. *Average fishing mortality of age groups 5–10.*
2) Aflaregla. *Catch rule*


Taflan í skýrslu 2013 er aðeins ein lína en sjálfsagt að láta hana fylgja hér með

2013				2014				2015	
Áætl. afli *Pred. landings*	Viðm. stofn *B4+*	Hrygn. stofn *SSB*	$F^{1)}$	Afla-mark *TAC*	Viðm. stofn *B4+*	Hrygn. stofn *SSB*	$F^{1)}$	Viðm. stofn *B4+*	Hrygn. stofn *SSB*
197	1173	479	0.26	215	1211	535	0.26	1317	600

d. Hlutfall þess sem veitt hefur verið ár hvert úr veiðistofninum hefur því farið niður fyrir 20% undanfarin þrjú ár. Þannig hefur sveigjanleikin aðeins orðið niður á við og ef fram heldur sem horfir mun nú bætast ár við og með aðeins 18% veiðihlutfall. Verði hins vegar farið eftir tillögum LS um 240 þús. tonn mun veiðihlutfallið verða 20,5%. LS minnir á að inneign er svo sannarlega fyrir slíkri veiði.

Skýrsla 2013	Afli	Veiði-stofn	Veiði-hlutfall
2007	171	680	25%
2008	147	701	21%
2009	182	798	23%
2010	169	847	20%
2011	172	938	18%
2012	*196*	1.054	19%
2013	215	*1.173*	18%

Að lokum vill LS vekja athygli og lýsa áhyggjum sínum á hversu hátt hlutfall gamals þorsks er nú í aflanum og verður samkvæmt spá Hafró einnig á næsta ári. 2013 og 2014 verður 40% þorskaflans eldri en 8 ára.



Ýsa - leyfilegur heildarafli verði 50 þús. tonn.

Smábátaeigendur deila áhyggjum með sérfræðingum Hafró á niðurstöðum mælinga á nýliðun. Þeir eru hins vegar efins um að mælingarnar séu réttar þar sem ýsuveiðar hafa gengið vel og fiskurinn vel haldinn. Sú spurning er jafnan

spurð hvort breytt útbreiðsla ýsunnar geti haft áhrif á gildi mælinga úr vorralli Hafrannsóknastofnunar.

Aðspurðir urðu smábátaeigendur varir við slaka í ýsugengd 2010 en í fyrra og á yfirstandandi fiskveiðiári hefur ýsuveiði gengið afar vel og virðist hún því aftur í sókn. Bent skal á að togararallið nær aðeins að litlu leiti inn á þá slóð sem smábátar veiða ýsu.

Við skoðun hafa sjómenn á togurum orðið varir við sömu teikn, afli hjá þeim er aftur farinn að glæðast eftir afspyrnu lélega ýsuveiði á þeirra slóð undanfarin 3 ár.

LS er ekki sammála tillögu Hafrannsóknastofnunarinnar um að ekki sé óhætt að veiða meira en 38 þús. tonn á komandi fiskveiðiári og hvetur þig til að heimila v50 þús. tonna veiði. Hætt er við að verði farið eftir tillögum Hafró geti það framkallað brottkast og mikla erfiðleika við þorskveiðar.

Að lokum ítrekar LS áhyggjur sínar á veiðum dragnótabáta og togara við Suðurland, telur að þær séu varhugaverðar og beinir því til þín að færa þær fjær landi.

Ufsi – leyfilegur heildarafli verði 60 þús. tonn.

Smábátaeigendur eru sammála því að ufsinn sé í jafnvægi og ekki þörf á miklum breytingum á heildarafla. Rétt er að benda á að þetta gæti þó breyst mjög fljótt þar sem ufsi er flökkufiskur og því erfitt að byggja ráðgjöf á mælingum eins og Hafrannsóknastofnunin leggur til grundvallar.

Steinbítur – leyfilegur heildarafli verði 8.500 tonn.

Tillagan er nokkru lægri en í fyrra, þegar LS mælti með 12 þús. tonnum. Ástæða þess er einkum sú að sölutregða er á steinbít og því ágætt tækifæri til að byggja stofninn upp.

Annars hafa veiðar á steinbít gengið vel útifyrir Vestfjörðum. Útbreiðsla er mikil og gamlar veiðislóðir aftur farnar að gefa góðan afla. Sjómenn eru sammála því að stækkun friðunarsvæðisins er byrjað að skila árangri. Auk vaxandi afla og útbreiðslu er nú aftur orðið vart við smærri steinbítinn, þ.a. að nýliðun hefur batnað.

LS ítrekar þá skoðun að banna eigi beina sókn í steinbít með dregnum veiðafærum. Þá hvetur LS þig til að stækka friðunarsvæði á Látragrunni, þannig að steinbítur á hrygningarslóð verði friðaður yfir hrygningar- og klaktíma.

Langa - leyfilegur heildarafli verði 14 þús. tonn.

LS er sammála tillögu Hafró að heildarafli löngu verði aukinn í 14 þús tonn. Síðast liðin 2 – 3 ár hefur langa aukist gríðarlega sem meðafli. Fiskurinn er mjög útbreiddur og veiðist á flestum miðum smábátaeigenda. Reyndar er það skoðun LS að auka hefði mátt veiðiheimildir í löngu fyrir þremur árum þegar aukningin hófst.

Keila - leyfilegur heildarafli verði 6.300 þús. tonn.

Sjómenn sem haft hefur verið samband við telja keiluna vera í jafnvægi og því rétt að halda sig nálægt þeim heildarafla sem nú er.

Skötuselur

Grásleppusjómenn verða nú minna varir við skötusel miðað við árin 2011 og 2010. LS hefur áður látið þá skoðun í ljós að skötuselur sem veiðist sem meðaafli við grásleppuveiðar reiknist ekki til aflamarks, krafa um slíkt er hér með ítrekuð. Skötuselurinn er yfirleitt fullur af rauðmaga og við hlið hans eru tæjur af grásleppu sem hann hefur ælt útúr sér þegar hann veiðist. Fljótt eftir að skötuselur hefur komið á grásleppumiðin hverfur grásleppan en rauðmaginn vegna vöktunarhlutverks tekst á við selinn sem endar í gini óvættsins. Nauðsynlegt er að veiða selinn á grásleppumiðunum og má kvótaleysi viðkomandi ekki koma í veg fyrir það.

LS telur að mikil niðursveifla í rauðmaga skýrist að miklu leyti á skyndilegri viðveru skötusels á hrognkelsamiðum. Það er miður að ekki hafi verið tekið tillit til varnaðarorða félagsins sl. ár varðandi veiðar á skötusel.

Grásleppa – veiðifyrirkomulag og sókn verði með sama hætti og undanfarna áratugi.

LS hefur yfirfarið ráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar. Félagið mun á næstu vikum funda með stofnuninni um ráðgjöfina.

Virðingarfyllst

_____

Örn Pálsson framkvæmdastjóri